

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.

Grímsnes- og Grafningshreppur innheimtir gjald fyrir fráveitu og meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. samþykkt um fráveitur og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 1018/2009.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 175.000.

3. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,10% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

4. gr.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró kr. 7.586

5. gr.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, greiðist skv. gjaldskrá losunaraðila fyrir hverja losun.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 20. nóvember 2014 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 12. desember 2014, er sett með vísan til 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og á grunni samþykktar nr. 1018/2009 um fráveitur og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi eldri gjaldskrá fyrir hirðu og meðhöndlun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi nr. 1256/2013.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 15. desember 2014.

Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2015